

Alþingi  
Erindi nr. P 127, 1894  
komudagur 12. 4. 2002

## **Félag tækniskólakennara**

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10. apríl 2002


### Umsögn um frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands.

Stjórn Félags tækniskólakennara fagnar því að frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands hefur verið lagt fram á Alþingi. Stjórnin gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Hins vegar vill stjórnin benda á og undirstrika nauðsyn þess að skólanum verði tryggður viðunandi fjárhagsgrundvöllur svo að unnt verði að sinna því metnaðarfulla starfi, sem þar fer fram, eins og hugur stendur til. Því mun fara víðs fjarri að svo sé í dag og má í því sambandi til dæmis nefna að fjárveiting til reksturs húsnæðis hrekkur ekki til nema hluta þess kostnaðar og munar þar einhverjum tugum milljóna króna á ári.

Við Tækniskóla Íslands starfar ákveðinn fjöldi kennara sem hefur ekki meistaraþróf. Margir þeirra hafa starfað lengi við stofnunina með góðum árangri. Stjórn FTK telur brýnt að þeim sem hafa hug á að auka við menntun sína til að uppfylla skilyrði laganna verði gert það kleift með því að til komi fjárstuðningur frá ríkisvaldinu.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar FTK



Steindór Haarde, formaður